

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-018-V01	Svæðisskipulag Suðurlandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
26.04.2022	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
18	Greinargerð og stefnumörkun Kynning – samráð	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
HB 03.05.2022	SASS	Hótel Flúðir
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari Thorarensen	Árborg	
Ásta Begga Ólafsdóttir	Ásahreppur	
Guðrún Magnúsdóttir, Helgi Kjartansson,	Bláskógabyggð	
Árni Eiríksson	Flóahreppur	
Björn Kristinn Pálmarsson	Grímsnes- og Grafningsshr.	
Jón Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur	
Haraldur Birgir Haraldsson	Rangárþingi ytra	
Bjarki Guðnason, Jón Hrafn Karlsson, Ólafur E. Júlíusson, Jóna Björk	Skaftárhreppur	
Jónsdóttir		
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Helgi Kjartansson, Bjarki Guðnason	Verkefnastjórn	
Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir	Verkfræðistofan EFLA	
Gestir á seinni hluta fundarins voru :		
Sigurður H. Magnússon	Sérfræðingur	
Lovísa Ásbjörnsdóttir	Náttúrufræðistofnun Íslands	
Gunnar Þorgeirsson	Bændasamtök Íslands	
Árni Bragason	Landgræðslan	
Jón G. Valgeirsson	Hrunamannahreppur	
Hákon Ásgeirsson	Umhverfisstofnun	
Fanney Ásgeirsdóttir	Vatnajökulsþjóðgarður	
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Bjarni Guðmundsson	SASS	
FUNDARSKJÖL	NÆSTI FUNDUR	
Vinnuskjöl: Greinargerð/kynning	Ágúst 2022	

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 17. fundar og telst hún samþykkt.

Fundur dagsins er tvískiptur.

- Fyrri hluti fundarins var reglubundinn fundur svæðiskipulagsnefndar.
- Seinni hlutinn var kynning þar sem gestum hafði verið boðið til fundarins til að kynna fyrir þeim stöðu verkefnisins. Á þann fund mættu fulltrúar Bændasamtakanna, Landgræðslunnar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar. Þá kom sveitarstjóri Hrunamannahrepps einnig á kynninguna. Enn fremur voru á fundinum þau Lovísa Ásbjörnsdóttir frá Náttúrufræðistofnun og Sigurður H. Magnússon sérfræðingur, en þau hafa unnið með EFLU að mati á verndargildi landslagsheilda. Auk þessara var fulltrúum Vegagerðarinnar, Kötlum Geopark og þjóðgarðsverði á Þingvöllum sent boð en viðkomandi náðu ekki að mæta.

FYRRI HLUTI

1. Innviðir

- Samgöngur (k. 3.1). Í svæðisskipulagi eru stefnumarkandi ákvarðanir um hvernig vegirnir eigi að vera en ekki ákvarðanir um hvar þeir eiga að vera staðsettir.
 - Umræða um stöðu vegarins upp að Hólaskjóli frá Skaftfellum. Sá vegur er í þremur flokkum, auk þess að vera að hluta utan skipulagssvæðisins.
 - Eini stofnvegurinn sem er verið að hækka í mikilvægi er Skjaldbreiðarvegur.
- Þjónustustaðir (k. 3.2). Sátt er um þá flokkun sem sýnd er í tillöguþingum.
 - Rætt um framfylgd svæðisskipulagsins (svsk). Umræða um að breytingar á hálandismiðstöðvum og jaðarmiðstöðvum ætti að vera svsk. breyting, en breyting á fjallaseljum ekki. Óráðið með skálasvæði, en til greina kemur að ný skálasvæði kalli ekki á breytingar á svsk..
 - Umræða um einkaskála. Umfjöllunin nær ekki til þeirra en mætti gera það. Þjóðlendulögin segja til um að innan þjóðlenda eigi ekki að vera skálar sem eru til einkaafnota, nýjum lóðum verði eingöngu úthlutað til aðila sem stunda þjónustu og eftirlit. Bætt verður við umfjöllun um einkaskála.

2. Umhyggja fyrir auðlindum

- Grunnvatn (k. 4.3). Sýnd drög að korti og stefnu um að fara vel með auðlindina vatn.
- Auðlindir ferðaþjónustunnar (k. 4.4). Sýnd frumdrög að korti og fjallað um þau svæði sem eru verðmætust fyrir ferðaþjónustuna út frá fjórum þáttum sem lagðir voru til grundvallar :
 - Upplifun: jarðmyndanir náttúra, víðerni, fjölbreytni, fegurð, einstæðni.
 - Afþreyingarmöguleikar: Gönguleiðir, reiðleiðir, veiði, hjólaleiðir, saga, minjar o.fl.
 - Innviðir: Gisting, vegir og aðrar ferðaleiðir.
 - Framtíðarvirði: Mikilvægt eða vannýtt svæði til ferðamennsku.

3. Ábyrg nýting auðlinda

- Orkuvinnsla (k. 5.3). Sýnd drög að korti sem sýnir hagsmunaárekstra milli nýtingar og verndar. Umræða:

- Virkjunaráform í Stóru-Laxá er ekki í hæsta flokki árekstra – Laxárgljúfur eru hins vegar einstök. Þetta snýst að hluta um mælikvarða því mælikvarði landslagsgreiningarinnar er það grófur að gljúfrin ná ekki að gefa allri landslagsheildinni vigt.
 - Sveitarfélögin með land við Stóru-Laxá segja í sínu aðalskipulagi að þeim hugnist hún ekki. Svæðisskipulagið getur tekið undir það og lyft upp stefnu sveitarfélagsins.
 - Torfajökulssvæðið sunnanvert, Rangárþing ytra tekur ekki undir þessar virkjanahugmyndir í sínu aðalskipulagi. Svæðisskipulagið getur lyft þessari stefnu upp.
 - Búðartunguvirkjun í Hvítá – virkjun þar yrði á svæði, sem er mjög verðmætt.
 - Umfjöllunin í svæðisskipulagi miðar við þær virkjanir sem eru í rammaáætlun 3.
 - EFLA yfirfer kortið m.v. hugmyndir um Hólmsárvirkjun.
 - EFLA yfirfer verndarsvæði sunnan við Langjökul.
- Hefðbundnar nytjar (k. 5.7) Búið er að uppfæra umfjöllun í kaflanum miðað við innsenda umfjöllun frá Guðrúnu. Verður uppfært frekar með umfjöllun um nýtingarrétt t.d. vegna veiða.
 - Umræða um sjálfbæta beit eða hóflega beit. Landgræðsla er stunduð til að endurheimta landgæði og til að styðja við landið vegna beitar.
 - Ferðabjónusta (k. 5.2). Farið yfir uppfærðan kafla. Dregnar meginlínur um að styðja við þróun ferðaleiða en útfærsla þeirra er verkefni sem svæðisskipulagið styður við með stefnumörkun.

4. Vinnum vel saman / Framfylgd svæðisskipulagsins (k. 7)

Farið yfir drög að ákvæðum um framfylgd svæðisskipulagsins, hlutverk svæðisskipulagsnefndar í þeirri vegferð og samstarf við SASS. Tillögur reifaðar um tæki og tól til að fylgja skipulaginu eftir en allt er ennþá á umræðustigi:

- Framlengja stjórn verkefnisins
- Er starfsmaður SASS starfsmaður nefndarinnar?
- Framkvæmdaáætlun til 3ja ára
- Tímamörk á innleiðingu í aðalskipulag
- Aðgengi að upplýsingum um stöðu svæðisskipulagsins
- Skilgreining mælikvarða
- Hlutverk svæðisskipulagsnefndar, umsagnir við skipulagsbreytingar og ákvarðanir um verkefni til að fylgja svæðisskipulaginu eftir.

5. Athugasemdir nefndar við fyrirliggjandi tillögugögn

Engar ábendingar umfram það sem hefur komið fram við aðra umfjöllun.

6. Staða vinnunnar og framhaldið

Til að tryggja áframhaldandi skipun svæðisskipulagsnefndar mun stjórn verkefnisins senda bréf og óska eftir því að sveitarfélögin skipi sem fyrst í svæðisskipulagsnefnd.

7. Önnur mál

Ein spurning kom um verklag vegna fundargerða svæðisskipulagsnefndar og dreifingu þeirra. Þær hafa farið í dreifingu meðal svæðisskipulagsnefndar en ekki inn á fundi hjá sveitarfélögunum.

8. Næsti fundur

Gert er ráð fyrir að næsti fundur nefndarinnar verði í ágúst.

SEINNI HLUTI

Gísli Gíslason var með almenna kynningu á svæðisskipulagsvinnunni; markmiðum með gerð svæðisskipulags og helstu viðfangsefnum svæðisskipulagsins; innviði, auðlindir og nýtingu þeirra; samgöngur, verndarheildir, mannvirkjabelti og hefðbundna nýtingu o.fl. Sigmar Metúsalemsson fór yfir landslagsgreininguna. Stefnumörkun er mislangt komin en verkefnið er komið með ákveðna mynd sem er kynnt til umræðu, hér í dag.

Umræða:

- Spurt var um aðkomu Forsætisráðuneytisins að landslagsgreiningunni.
 - Fulltrúi þeirra kom á fund snemma í ferlinu og sá þráður verður væntanlega tekinn upp aftur með haustinu.
- Ábending um að fara betur yfir verndargildi svæða framan við jökla. Þar er verndargildið almennt lágt en gæti verið vanmetið. Sjónarmið Náttúrufræðistofnunar er að þetta svæði sé með hátt verndargildi vegna jarðminja, svæði sem eru að koma undan jökli. Verður skoðað með sérfræðingum í landgreiningarhluta vinnunnar.
- Spurt var út í samráð við Skipulagsstofnun og upplýst að með þeim hefði nýlega verið haldinn fundur þar sem staða vinnunnar og vinnutillögur voru kynntar.
- Spurt var hvort friðlýsing svæða hefði áhrif á verndargildi en svo er ekki.
- Fulltrúi UST kallaði eftir umfjöllun um náttúruvernd sem nýtingu – þar sem náttúruvernd er ein tegund nýtingar.
 - Í svæðisskipulaginu eru skilgreindar verndarheildir sem er skref í þessa átt.
 - Gerð er grein fyrir friðlýstum svæðum undir kaflanum Umhyggja fyrir auðlindum, sem var ekki farið yfir á þessum fundi.
 - Stefnan væri að svæði sem hafa hæst verndargildi fái formlega vernd.
- Fulltrúi Landgræðslunnar benti á:
 - Reglugerð um [sjálfbæra landnýtingu](#) sem hefði verið í samráðsgátt.
 - Væntanlega kortlagningu á öllum beitarsvæðum á landinu. Greining væntanleg eftir 3 vikur.
 - Beitarálag hefur minnkað mjög mikið. Það er búið að vernda eða stendur til að vernda nýtingu á þeim svæðum þar sem gróðurframleiðni er lítil, t.d. yfir 700 m og í halla sem er umfram 30°. Í dag er allt önnur staða en var fyrir 10 árum, m.a. vegna hækkunar á hitastigi. Grænkustuðullinn hefur hækkað. Við erum engu að síður að nýta svæði sem við ættum ekki að nýta.
 - Óskaði nefndinni einnig til hamingju með góða vinnu.
- Fulltrúi Bændasamtakanna fagnaði góðri vinnu sem væri unnin á grunni skipulagsvalds sveitarfélaganna.
 - Landbúnaðarháskólinn hefur rannasakað beit.
 - Hóflega beitt land bindur meira en land sem ekkert er beitt. Sinuþembur eru ekki endilega af hinu góða.
- Innlegg frá Sigurði H. um verndun og nýtingu.

- Þurfum að passa að eyðileggja ekki meira en við fáum í staðinn. Megum ekki fara offari í að vernda það ástand sem er núna, því það hefur orðið til í jafnvægi beitarnýtingar og þeirra vistgerða sem eru í dag.
- Hálendið er mótað af beit. Gott að fara í uppgræðslu en gera það með hóflegum hætti.
- Það er þörf á að draga úr beit, en það þarf ekki að gera það í stórum stíl.
- Vinna við uppgræðslu lands, t.d. hér í Hrunamannahreppi, hefur verið árangursrík, því það er hægt að ná árangri, undir ákveðnu beitarálagi. Þá erum við líka að vernda þær vistgerðir sem beitin hefur mótað. Hér í nágrenni Flúða eru vistgerðir sem beitin hefur mótað.
- Eyðileggjum ekki meira en við fáum í staðinn með bindingu kolefnis.

Fundi slitið um 15:00

Fleira var ekki gert.